

GUÐRÚN KVARAN

Eilítið um iðorðastarf í Háskóla Íslands

*Erindi á málræktarþingi Íslenskrar málnefndar á degi íslenskrar tungu 2003.
Höfundur er formaður Íslenskrar málnefndar. Auk Guðrúnar fluttu þar erindi Ágústa Þorbergsdóttir, Birna Lárusdóttir, Þorsteinn Vilhjálmsson og Þuríður Þorbjarnardóttir. –Ritsj.*

„Íslenska er orða frjósöm móðir / ekki þarf að sníkja, bræður góðir,“ orti Hjálmar Jónsson frá Bólu (1949 I:310), og orð hans eiga vel við á málræktarþingi Íslenskrar málnefndar sem helgað er nýyrðum og iðorðasmíð. Það er engin þörf á að sníkja frá öðrum ef áhugi er á að tjá sig á íslensku.

Nýyrðastarf er ekki nýtt af nálinni. Áhugi á að búa til íslensk orð í stað erlendra hefur fylgt þjóðinni frá upphafi og má finna fjölmörg dæmi þess þegar í elstu varðveittum ritum. Nauðsyn á virkri nýyrðastarfsemi er ef til vill meiri nú en nokkru sinni fyrr. Hnattvæðingin og upplýsingatæknin þjappa þjóðum þéttar saman en áður og vaxandi áhrifa erlendra tungna, einkum ensku, verður vart hér á landi ekki síður en í öðrum Evrópulöndum. Íslensk nýyrðastarfsemi hefur lengi bæði vakið jákvæða athygli og verið dæmd sem sérvískuleg eyjamennska. En þetta er að breytast. Nýlega var haldið þing málstofnana Evrópubandalagslanda, EFNIL (European Federation of National Institutions for Language), og ég var beðin um að segja frá því hvernig lítil þjóð fer að því að varðveita tungumál sitt jafn vel og við höfum gert með málrækt og nýyrðastarfsemi. Þar lýsti hver fulltrúinn af öðrum áhyggjum yfir því að orðaforðinn væri að brenglast, enska smeygði sér inn um hverja glufu. Nú erum við ekki lengur sérvískuleg þjóð í Norðurhöfum heldur erum við að verða þjóð sem þeir líta til með virðingu sem bera hag tungna sinna fyrir brjósti. Það er því mikilvægt að við höldum áfram að hlúa að starfi þeirra sem fást til að sinna nýyrðasmíð því að án þess góða starfs væri málið mun fátæklegra og enskuskotnara en það er nú.

Í fyrstu grein laga um málnefndina segir að hún hafi það meginhlutverk að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti og einn liður í starfi hennar er að sinna nýyrðasmíð og vera í sambandi við orðanefndir.

Nýyrðastarfsemi er eitt af þeim verkefnum sem Íslensk málnefnd á að sinna samkvæmt lögum. Í þeim stendur: „Íslensk málnefnd skal annast söfnun nýyrða og útgáfu þeirra og jafnframt vera til aðstoðar við val nýrra orða og við nýyrðasmíð. Auk þess skal nefndin leitast við að fylgjast með því hvaða nýyrði ná festu í málinu. Málnefndin skal vinna að skipulagðri nýyrðastarfsemi í landinu. Hún skal hafa samvinnu við orðanefndir sem félög eða stofnanir hafa komið á fót og vera þeim til aðstoðar. Hún skal stuðla að samræmingu í vinnubrögðum þeirra sem fást við myndun orða til útgáfu í sérstökum orðasöfnum eða gefa út staðla“ (www.ismal.hi.is).

En ekki er nóg að búa til ný orð og prenta í orðasöfnum eða setja í orðabanka Íslenskrar málstöðvar. Það þarf einnig að stuðla að því að orðin séu notuð. Ein leið til þess er að nota þau markvisst í kennslu á viðkomandi fræðasviði. Nemendur venjast þá íslenskum orðum en læra hin erlendu um leið af kennslubókum og stuðningsefni á Netinu. Af þessu er löng reynsla. Þeir halda síðan út í þjóðfélagið þar sem þeir geta ritað og rætt um fagsvið sitt á íslensku hvort heldur er í kennslu eða í starfi innan fyrirtækja. Mikilvægi þess að orða hugsun sína á íslensku á að sjálfsögðu ekki aðeins

við í háskólakennslu en umræðan á málræktarþinginu snýst um nýyrðasmíð og íðorðastarf og þar skiptir hún miklu máli ekki aðeins við Háskóla Íslands heldur við alla háskóla í landinu. Mér stendur Háskóli Íslands næst og því hef ég kosið að snúa mér að honum og hvað þar hefur verið að gerast.

Á fundi sínum 25. október 1990 samþykkti háskólaráð tvær ályktanir sem snerta nýyrðastarfsemi innan Háskóla Íslands. Fyrri samþykktin var á þessa leið:

Háskólaráð beinir þeim eindregnu tilmælum til allra háskóladeilda að þær vinni skipulega að því að til verði íslenskt íðorðasafn á kennslusviði deildarinnar. Líta skal á vinnu við íðorðagerð sem sjálfsagðan þátt í fræðastarfi kennara og sérfræðinga í Háskóla Íslands.

Síðari samþykktin sneri að framkvæmdinni þar sem háskólaráð mælti með ákveðinni vinnutilhögun við íslenskt íðorðastarf á fræðasviðum háskóladeildanna. Hún er í stuttu máli þessi: Hver háskóladeild átti að skipa starfshóp um skipulagningu íðorðastarfs. Starfshópurinn skyldi kynna sér vinnulag við íðorðagerð, skilgreina umfang verksins, þ.e. fjölda hugtaka, og gera tillögu til deildar um skipan orðanefnda sem funda skyldu reglulega. Verkefni orðanefndanna átti að vera að skilgreina og þýða hugtök og að mynda nýyrði. Við nýyrðasmíð áttu orðanefndir að njóta aðstoðar sérfræðinga frá Íslenskri málstöð (Baldur Jónsson 1990:2).

Nú, þrettán árum síðar, lék mér hugur á að kanna hver afrakstur þessarar samþykktar hefði orðið. Ég skrifaði því í nafni Íslenskrar málnefndar bréf til rektorsskrifstofu og allra deildarforseta í lok september og spurðist fyrir um hvort starfshópur hefði verið settur á lagginar eftir samþykktina, hvort orðanefndir hefðu starfað innan deildarinnar og ef svo er hvort starf þeirra hefði borið sýnilegan ávöxt og skilað sér í kennslu. Rektorsskrifstofu spurði ég um hvort málinu hefði verið fylgt eftir. Svör bárust frá fjórum deildum af ellefu, guðfræðideild, heimspekideild, raunvísindadeild og verkfræðideild, og ætla ég að gera stuttlega grein fyrir þeim svörum sem ég fékk.

Í guðfræðideild hafði málið verið rætt á deildarfundum og fulltrúi deildarinnar sótti tvo fundi með orðanefnd byggingarverkfræðinga til þess að kynnast vinnubrögðum við íðorðastarfsemi. Hann gaf síðan skýrslu til deildarforseta en lengra fór málið ekki.

Í heimspekideild hafði deildarforseti talað við menn úr ýmsum greinum deildarinnar og voru undirtektir á þá leið að ekki væri grundvöllur fyrir stofnun íðorðanefnda í deildinni. Það viðhorf virtist almennt ríkjandi að flestar fræðigreinar deildarinnar byggðu á tiltölulega gamalli rithefð þar sem menn hefðu jafnóðum íslenskað mikilvægustu hugtök og orð úr erlendum málum. Fram kom að ýmsir hefðu þegar unnið þarft starf á þessu sviði innan deildarinnar, t.d. í bókmenntafræði og heimspeki. Sumir deildarmenn bentu á tengsl heimspekideildar við Íslenska málstöð og Orðabók Háskólans og töldu að þessar stofnanir gerðu starfsemi sérstakra íðorðanefnda á sínu sviði óþarfa. Niðurstaðan varð sú að íðorðastarfi væri þegar sinnt rækilega innan deildarinnar og að samþykkt háskólaráðs ætti því tæplega við deildina. Taldi deildarforseti mjög vafasamt að menn fengjust til að setjast í starfshóp og nefndir um íðorðasmíð og var því ekki lengra haldið.

Í raunvísindadeild samþykkti deildarráð 28. nóvember 1990 tillögu um skipan þriggja manna starfshóps til að skipuleggja íðorðastarf. Hópurinn sótti tvo eða þrjá fundi með orðanefnd byggingarverkfræðinga en skilaði engum tillögum til deildar og meira varð ekki úr starfinu. Núverandi deildarforseta er ekki kunnugt um neitt formlegt íðorðastarf á vegum deildar eða einstakra skora.

Í verkfræðideild var málið tekið fyrir 7. nóvember 1990. Þar var það rætt og því vísað til skora með tilmælum um að þær skipuðu menn í nefndir. Á næstu fundum var ítrekað óskað eftir tilnefningum skoranna sem aldrei komu. Málið lognaðist því út af og enginn sérstakur starfshópur var skipaður í verkfræðideild.

Hvað er unnt að lesa úr þessari niðurstöðu? Er áhugi háskólakennara lítill sem enginn á því að kenna nemendum á vönduðu íslensku máli þar sem íslensk íðorð eru notuð í stað erlendra fræðiheita? Þessari spurningu er bæði hægt að svara játandi og neitandi. Ég hef talað undanfarið við allmarga stúdenta í ýmsum deildum og greinum allra háskólanna í Reykjavík og komist að raun um að það er mjög einstaklingsbundið hversu mjög menn gera sér far um að nota íslensk íðorð í stað erlendra hugtaka og koma þeim á framfæri við stúdenta og þá á ég að sjálfsögðu við þá sem eru að kenna námskeið á íslensku. Í þessari óformlegu könnun virtist ástandið einna best við Háskóla Íslands og Kennaraháskólann.

Forvitnilegt er að velta því fyrir sér hvers vegna svörunin við samþykkt háskólaráðs reyndist jafn lítil og raunin varð og þá gef ég mér að ekki hafi betur verið tekið undir hana í þeim deildum sem svöruðu mér ekki. Í svörunum, sem ég fékk, komu nefnilega fram gagnlegar upplýsingar sem eru ef til vill ástæður þess að lítið var tekið undir orðanefndir í deildum. Deildarforseti raunvísindadeildar benti á að margir starfsmenn væru afar áhugasamir um íðorðastarf og ynnu að því á vettvangi fagfélaga sinna. Flestir þeirra skrifuðu á íslensku um sín fræði en það væri vís leið til að þvinga menn til að taka afstöðu til nýyrðanotkunar. Á svipuðum nótum skrifaði deildarforseti verkfræðideildar. Hann nefndi ýmsa menn sem ötullega hafa unnið að íðorðasmíð en þar er í fararbroddi Einar B. Pálsson, prófessor emeritus, sem vinnur ásamt öðrum að íðorðasafni undir merkjum Verkfræðingafélagsins. Annað, sem kom fram, var að ýmsir eru ekki reiðubúnir til að fórna tíma sínum til þess að sinna íðorðastarfi á vegum deildar án þess að einhver umbun komi fyrir svo sem í vinnumati Félags háskólakennara eða kjaranefndar eða í lýsingu á vinnuskyldu kennara þannig að íðorðastarfið fari fram í vinnutíma.

Öðru virðist gegna um starf fyrir fagfélögin. Þar setjast í orðanefndir menn sem vilja vinna að eflingu íslensks máls á sínu fagsviði með því að búa til orð yfir fræðihugtök sem tungan á enn engin nothæf orð yfir. Þarna erum við komin að kjarna málsins. Það eru fyrst og fremst áhugamenn um íslenskt mál sem fást til að vinna við íðorðasmíð. Fyrirmæli, jafnvel tilmæli, að ofan um að deildir sinni skipulega íðorðastarfi eru dæmd til að lenda ofan í glatkistunni án þess að það sé meðvituð ætlun ef ekki fást til starfsins hæfir menn sem fá umbun í einhverju formi fyrir starf sitt. Það er ekki hægt að setja menn í orðanefndir sem ekki hafa áhuga á að sinna starfinu og vilja til að kynna sér hvað til þarf til þess að búa til góð íðorð. Menn eru misjafnlega hæfir til að sinna íðorðasmíð og fylgi hugur ekki máli verður útkoman engin. Fagfélögin standa sig mörg hver hins vegar með sóma eins og sjá má í orðabanka Íslenskrar málstöðvar. Þar vinna menn ósérhlífið starf af áhuga og metnaði. Sumir eru kennarar eða sérfræðingar við háskólann, aðrir eru starfandi úti í þjóðlífinu. Þannig er þessum málum best komið.

En getur þá Háskóli Íslands ekkert að gert? Vissulega. Hann getur hvatt menn til umhugsunar um málið með góðri málstefnu. Hún má ekki aðeins vera samþykkt á blaði heldur metnaðargjarnt áform um að stuðla að vönduðu íslensku máli innan veggja skólans. Háskólinn getur einnig leitað leiða til að mönnum verði umbunað fyrir vinnu við íðorðasmíð ef hún fer fram á vegum hans. Háskóli Íslands á að mínu mati að vera fyrirmynd annarra. Þegar kennt er á íslensku á málið að vera vandað og með íslenskum íðorðaförða. Íslenska á að vera það mál sem er og verður ríkjandi við skólann. Einstaka námskeið á ensku skipta þar ekki öllu máli ef þeim er haldið í

skefjum og ef menn eru ekki að flýja yfir til ensku vegna þess að ekki er til orðaforði sem þeir þurfa á að halda til að tjá sig á íslensku. Það er síðan hlutverk Íslenskrar málnefndar og Íslenskrar málstöðvar að styðja áfram við íðorðastarfsemi í landinu, veita ráðgjöf og efla orðabankann. Ef allir leggjast á eitt þurfum við ekki að hafa áhyggjur af framtíð íslenskrar tungu.

Heimildir

Baldur Jónsson. 1990. Háskóli Íslands vill íslensk fræðiorð. *Málfrægnir*. 4. árg., 2. tbl., 2–4. Reykjavík.

Hjálmar Jónsson frá Bólu. *Ritsafn*. I–V. Ritstjóri Finnur Sigmundsson. Reykjavík.
www.ismal.hi.is. Heimasíða Íslenskrar málstöðvar.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.